



TOLLSTJÓRI

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1222  
komudagur 11.3.2009

Nefndasviðs Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Málsnr: 200902-0072  
Dags: 11. mars 2009

Reykjavík, 11. mars 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á tollalögun nr. 88/2005, lögum nr. 97/1987, um vörugjald og lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt með síðar breytingum sbr. þingskjal 617- 365. mál.**

Afrit: Fjármálaráðuneytið, Arnarhvoli við Lindargötu, 150 Reykjavík  
Einnig sent með tölvupósti á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Embætti Tollstjóra er hlynnt þeim tillögum sem fram koma í frumvarpi þessu og telur að þær verði til hagsbóta fyrir atvinnurekstur í landinu og auðveldi fyrirtækjum innflutning á vöru. Benda má þó á að til einföldunar hefði verið að láta ákvæðin í 1. og 2. gr. frumvarpsins ná til allra sem njóta greiðslufrests í tolli en ekki takmarka ákvæðið við þá aðila sem óska eftir þessari greiðsluáðlögun. Það leiðir einnig til þess að ekki þarf að leggja vexti á þann hluta kröfunnar sem fær lengri greiðslufrest sem er til enn meiri hagræðingar fyrir atvinnulífið. Með slíkri reglu skapast meira jafnræði með aðilum sem að innflutningi koma og tryggt er að ein regla gildi um alla þegar kemur að greiðslufresti og álagningu vaxta.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen  
Tollstjóri